# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

## Ársreikningur 2010

Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Kjarna
650 Laugar

kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2010 að fjárhæð 25,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 323,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 10,1% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfjáreignendum voru 256 í ársbyrjun en 257 í árslok og fjölgaði því um einn stofnfjáraðila á árinu. Stofnfé sparisjóðsins nam 53,2 millj. kr. í árslok 2010 og er í eigu 257 stofnfjáraðila og átti enginn aðili yfir 5% eignarhlut í sparisjóðnum. Stjórn sjóðsins leggur til 12% hækkun á nafnverði stofnfjár og að greiddur verði 12% arður af stofnfé á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010.

Í skýringu númer 19 í ársreikningnum er fjallað um þá óvissu sem er vegna dóma um gengisbundin lán og samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Eins og fram kemur í skýringunni leiðir framangreint til ákveðinnar óvissu um fjárhagsstöðu sparisjóðsins.

Á síðasta ári hurfu Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík úr sparisjóðafjölskyldunni. Auk þess á ríkið meirihluta stofnfjár eða verulegan hluta í fimm af þeim tíu sjóðum sem nú eru starfandi. Afstaða Bankasýslunnar sem fer með eignarhald ríkisins í sparisjóðum mun því hafa áhrif á framtíð sparisjóðanna.

### Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri hafa í dag rætt ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Laugum, 28. mars 2011

Stjórn Sparisjóðs Suður Þingeyinga:

Sparisjóðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 28. mars 2011

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 357.139.079 | 464.013.332 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 257.098.356 | 386.108.197 |
| | | 614.237.435 | 850.121.529 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 4.419.112 | 4.677.648 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 364.841.633 | 651.155.296 |
| | | 369.260.745 | 655.832.944 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 244.976.690 | 194.288.585 |
| Þjónustutekjur | 4 | 40.358.397 | 38.193.593 |
| Þjónustugjöld | | ( 7.846.943) | ( 7.051.922) |
| **Hreinar þjónustutekjur** | | 32.511.454 | 31.141.671 |
| Gjöld af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5 | ( 20.238.920) | ( 59.587.319) |
| Gengishagnaður (gengistap) | 5 | 893.053 | ( 4.288.005) |
| Aðrar rekstrartekjur | | 5.876.392 | 4.127.288 |
| **Önnur rekstrargjöld samtals** | | ( 13.469.475) | ( 59.748.036) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 264.018.669 | 165.682.220 |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 70.778.037 | 65.960.030 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 80.568.787 | 73.583.060 |
| Afskriftir | 12 | 1.332.904 | 1.332.904 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 10 | 76.155.626 | 63.341.146 |
| | | 228.835.354 | 204.217.140 |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 35.183.315 | ( 38.534.920) |
| Tekjuskattur | 8 | ( 9.641.046) | ( 3.504.827) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 16 | 25.542.269 | ( 42.039.747) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður | | 29.025.608 | 10.158.757 |
| Kröfur á lánastofnanir | 9 | 4.421.535.743 | 4.864.623.467 |
| Útlán til viðskiptamanna | 10 | 2.836.767.879 | 2.531.305.386 |
| Fullnustueignir | 10 | 70.875.030 | 69.625.718 |
| Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum | 11 | 33.469.709 | 52.871.964 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 11 | 32.240.222 | 50.283.299 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 11 | 12.356.466 | 12.356.466 |
| Rekstrarfjármunir | 12 | 38.649.831 | 39.982.735 |
| Skatteign | 14 | 344.647 | 186.838 |
| Ýmsar eignir | | 6.302.815 | 14.756.777 |
| Áfallnar tekjur | | 1.058.580 | 1.341.616 |
| **Eignir samtals** | | 7.482.626.530 | 7.647.493.023 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 144.765.837 | 229.283.484 |
| Óbundin innlán | | 4.792.510.311 | 5.036.102.560 |
| Bundin innlán | 15 | 2.119.694.936 | 1.988.470.718 |
| Ýmsar skuldir | | 65.096.144 | 81.185.384 |
| Áfallin gjöld | | 24.309.112 | 9.426.554 |
| Ógreiddir áætlaðir skattar | | 12.729.271 | 3.497.926 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 7.159.105.611 | 7.347.966.626 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 53.161.692 | 54.709.439 |
| Varasjóður | | 270.359.227 | 244.816.958 |
| Eigið fé samtals | 16 | 323.520.919 | 299.526.397 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 7.482.626.530 | 7.647.493.023 |

**Utan efnahagsreiknings:**

| | Skýr. |
|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 17 |
| Aðrar skuldbindingar | 17 |

# Eiginfjáryfirlit árið 2010

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árið 2010** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2010 | 54.709.439 | 244.816.958 | 299.526.397 |
| Hagnaður ársins | | 25.542.269 | 25.542.269 |
| Innlausn stofnfjár | ( 1.547.747) | 0 | ( 1.547.747) |
| Eigið fé 31. desember 2010 | 53.161.692 | 270.359.227 | 323.520.919 |
| **Árið 2009** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2009 | 46.867.995 | 298.134.100 | 345.002.095 |
| Arðgreiðsla | | ( 4.686.894) | ( 4.686.894) |
| Tap ársins | | ( 42.039.747) | ( 42.039.747) |
| Aukning stofnfjár | 1.250.943 | | 1.250.943 |
| Endurmat stofnfjár | 6.590.501 | ( 6.590.501) | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2009 | 54.709.439 | 244.816.958 | 299.526.397 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | 16 | 25.542.269 | ( 42.039.747) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur | | ( 4.774.236) | ( 17.936.662) |
| Gjöld af hlutdeildarfélögum | | 0 | ( 2.520.706) |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 10 | 76.155.626 | 63.341.146 |
| Tekjuskattur | 14 | 9.641.046 | 6.901 |
| Aðrir liðir | | 15.930.988 | 5.714.586 |
| Handbært fé frá rekstri | | 122.495.693 | 6.565.518 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir | | 4.915.783 | ( 26.293.973) |
| Útlán, breyting | | ( 327.208.953) | ( 114.920.848) |
| Fjárfestingahlutabréf, breyting | | 37.445.332 | 83.756.235 |
| Ýmsar eignir, breyting | | 8.453.962 | ( 13.449.833) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 276.393.876) | ( 70.908.419) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | ( 84.517.647) | 65.553.439 |
| Innlán, breyting | | ( 163.252.273) | 2.240.271.255 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | ( 16.089.240) | 15.518.202 |
| (Innleyst) innborgað stofnfé | 16 | ( 1.547.747) | 1.250.943 |
| Arður af stofnfé | | 0 | ( 4.686.894) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 265.406.907) | 2.317.906.945 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 419.305.090) | 2.253.564.044 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.821.988.051 | 2.568.424.007 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 4.402.682.961 | 4.821.988.051 |

# Skýringar

1. **Félagið**

Sparisjóður Suður-Þingeyinga er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru í Kjarna, 650 Laugum.

Hlutverk Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**

***Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

a. ***Erlendir gjaldmiðlar***

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2010.

b. ***Vaxtatekjur og vaxtagjöld***

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

c. ***Þjónustutekjur***

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

d. ***Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum***

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

e. ***Víkjandi kröfur***

Sparisjóðurinn hefur tekið við skuldabréfum í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Krafa samkvæmt skuldabréfum þessum víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda. Krafan er færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok 2010 meðal krafna á lánastofnanir. Verðtryggðar kröfur eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2011.

f. ***Útlán***

Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2011 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2010.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### f. *Útlán frh.:*

**(i) Afskriftarreikningur útlána**

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

**(ii) Fullnustueignir**

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði, eða kostnaðarverði eftir því hvort er lægra, í ársreikning sparisjóðsins.

### g. *Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum*

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

### h. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseign | 50 ár |
| Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar | 5-10 ár |

### i. *Skatteign*

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri og í ársreikningi. Í árslok var reiknuð skattinneign hærri en tekjuskattsskuldbinding af efnahagsliðum og því er reiknuð skatteign færð til eignar.

### j. *Handbært fé*

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 4.402,7 millj. kr. í árslok 2010.

## 4. Þjónustutekjur

| Þjónustutekjur sundurliðast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun | 2.310 | 1.090 |
| Aðrar þjónustutekjur | 38.048 | 37.104 |
| Samtals | 40.358 | 38.194 |

## 5. Aðrar rekstrartekjur

### a. *Gjöld af eignarhlutum*

Gjöld af eignarhlutum sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | ( 20.239) | ( 62.108) |
| Hlutdeild í eignarhlutum sbr. skýring nr. 11 | 0 | 2.521 |
| Samtals | ( 20.239) | ( 59.587) |

### b. *Gengishagnaður (tap)*

Gengishagnaður (tap) sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf | 0 | ( 90) |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 893 | ( 4.198) |
| Samtals | 893 | ( 4.288) |

## 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Laun | 56.631 | 53.932 |
| Önnur launatengd gjöld | 14.147 | 12.028 |
| Laun og launatengd gjöld greinast samtals | 70.778 | 65.960 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 12 | 11 |
| Stöðugildi í árslok | 11 | 11 |

Laun og þóknanir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Sparisjóðsstjóri | 10.105 | 9.903 |
| Stjórnarformaður | 1.200 | 1.000 |
| Aðrir stjórnarmenn (4) | 2.400 | 2.000 |
| | 13.705 | 12.903 |

## 7. Þóknun endurskoðenda

Þóknun endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 2.144 | 1.644 |
| Könnun árshlutareiknings | 1.273 | 834 |
| Önnur þjónusta | 3.547 | 2.636 |
| Samtals | 6.964 | 5.114 |

## 8. Skattar

Útleiðing á virku skatthlutfalli:

| | | 31.12.2010 | | 31.12.2009 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | | 35.183 | | ( 38.535) |
| | | | | |
| Reiknaður tekjuskattur | 18% | 6.333 | 15% | ( 5.780) |
| Eignarhlutir í félögum | 9% | 3.267 | -24% | 9.316 |
| Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli | 0% | ( 34) | 0% | ( 31) |
| Aðrir liðir | 0% | 75 | 0% | 0 |
| | 27% | 9.641 | -9% | 3.505 |

## 9. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 4.373.657 | 4.814.403 |
| 3 mánuðir og allt að 1 ár | 23.895 | 1.300 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 0 | 27.496 |
| Yfir 5 ár | 0 | 174 |
| Bundnar kröfur Sparisjóðabanka Íslands skv. reglum um bindiskyldu | 23.984 | 21.250 |
| Samtals | 4.421.536 | 4.864.623 |

## 10. Útlán

### a. *Útlán til viðskiptamanna*

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 759.455 | 525.330 |
| Skuldabréf | 2.077.313 | 2.005.975 |
| Samtals | 2.836.768 | 2.531.305 |

### b. *Útlán eftir lántakendum*

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,8% | 1,7% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 4,2% | 4,6% |
| Sjávarútvegur | 5,9% | 4,9% |
| Verslun | 3,1% | 3,2% |
| Iðnaður og verktakar | 8,9% | 10,7% |
| Þjónusta | 14,3% | 11,7% |
| Einstaklingar | 62,9% | 63,3% |
| Samtals | 100% | 100% |

### c. *Útlán eftir eftirstöðvatíma*

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 102.068 | 80.416 |
| Allt að 3 mánuðir | 572.856 | 440.165 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 225.857 | 178.046 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 732.849 | 667.484 |
| Yfir 5 ár | 1.203.138 | 1.165.194 |
| Samtals | 2.836.768 | 2.531.305 |

### d. *Fullnustueignir*

Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu markaðsvirði eða kostnaðarverði því sem lægra reynist og nemur verðmæti þeirra 70,9 millj. kr. í árslok.

### e. *Óvaxtaberandi útlán*

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok 2010 greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 102.007 | 58.082 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 34.172) | ( 21.831) |
| Önnur vaxtafryst útlán | 71.647 | 26.148 |
| Óvaxtaberandi lán samtals | 139.482 | 62.399 |

## 10. Útlán frh.:

### f. *Afskriftarreikningur útlána*

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig;

| | Afskriftarreikningur | | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|
| | Sérstakur | Almennur | Samtals | Samtals |
| Afskriftarreikningur útlána í ársbyrjun | 105.311 | 77.260 | 182.571 | 119.695 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 38.774 | 37.382 | 76.156 | 63.341 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 30.872) | ( 10.331) | ( 41.203) | ( 465) |
| Afskriftarreikningur útlána í árslok | 113.213 | 104.311 | 217.524 | 182.571 |
| Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 3,5% | 3,2% | 6,7% | 6,2% |

## 11. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

### a. *Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum*

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð 2010 | Markaðsverð | Bókfært verð 2009 |
|---|---|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | | | |
| Skráð skuldabréf | 33.470 | 33.470 | 33.619 | 33.489 |
| Fjárfestingarskuldabréf | | | | |
| Óskráð skuldabréf | | 0 | | 19.383 |
| Samtals | | 33.470 | | 52.872 |

### b. *Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum*

Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

| Eignarhlutir í fjármálastofnunum og öðrum félögum greinast þannig: | Nafnverð/ hlutir | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík | 1.576 | 15.759 |
| Grand hótel Mývatn ehf., Skútustaðahreppi | 14.000 | 7.000 |
| Saga Eignarhaldsfélag hf., Akureyri | 350 | 5.250 |
| Hilda hf., Akureyri | 350 | 0 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík | 795 | 3.332 |
| Sparisjóður Vestmannaeyja | 489 | 489 |
| FSP holding ehf., Reykjavík | 19.059 | 0 |
| VBS fjárfestingarbanki hf., Reykjavík | 5.007 | 0 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi | 190 | 0 |
| Önnur félög | 1.411 | 410 |
| | | 32.240 |

### c. *Hlutir í hlutdeildarfélögum*

Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Afkomu-hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík | 1,3% | 0 | 14.854 | 0 |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík | 1,3% | 0 | 2.428 | 4.111 |
| Teris, Reykjavík | 1,1% | 0 | 2.895 | 8.245 |
| Hlutdeildarfélög alls | | 0 | | 12.356 |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Húseignir og lóðir | Bifreið | Húsbúnaður og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 56.250 | 2.890 | 10.362 | 69.502 |
| Afskrifað samtals 1.1.2010 | ( 19.063) | ( 1.734) | ( 8.722) | ( 29.519) |
| Bókfært verð 1.1.2010 | 37.187 | 1.156 | 1.640 | 39.983 |
| Afskrifað á árinu | ( 785) | ( 289) | ( 259) | ( 1.333) |
| Bókfært verð 31.12.2010 | 36.402 | 867 | 1.381 | 38.650 |
| | | | | |
| Heildarverð 31.12.2010 | 56.250 | 2.890 | 10.362 | 69.502 |
| Afskrifað samtals 2010 | ( 19.848) | ( 2.023) | ( 8.981) | ( 30.852) |
| Bókfært verð 31.12.2010 | 36.402 | 867 | 1.381 | 38.650 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 10% | 20% | |

***Fasteignamat og vátryggingaverð***

Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2010 nam 35,2 millj. kr. og lóða 2,3 millj. kr. eða samtals 37,5 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 137,1 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar nam 29,5 millj. kr. í árslok.

## 13. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.926,6 millj. kr. í árslok 2010 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.068,6 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 294,5 millj. kr. í árslok 2010 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 94,9 millj. kr.

## 14. Skatteign

| Skatteign greinist þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Skatteign í ársbyrjun | 187 | 194 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 9.799 | 3.498 |
| Tekjuskattur ársins | ( 9.641) | ( 3.505) |
| Skatteign í árslok | 345 | 187 |

Skatteign sparisjóðsins skiptist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 178 | 187 |
| Frestun gengismunar | 167 | 0 |
| Skatteign í árslok | 345 | 187 |

## 15. Innlán

Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 377.158 | 448.360 |
| Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári | 587.719 | 204.314 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 969.938 | 1.183.319 |
| 5 ár og síðar | 184.880 | 152.478 |
| Samtals | 2.119.695 | 1.988.471 |

**16. Eigið fé**

Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2010 | 54.709 | 244.817 | 299.526 |
| Innleyst stofnfé | ( 1.547) | 0 | ( 1.547) |
| Hagnaður ársins | | 25.542 | 25.542 |
| Eigið fé 31.12.2010 | 53.162 | 270.359 | 323.521 |

Eigið fé í árslok 2010 nemur 323,5 millj. kr. eða 4,2% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 10,1%, en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

| Hlutfallið reiknast þannig: | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 323.521 | 299.526 |
| Skatteign | ( 345) | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum fjármálafyrirtækjum | 0 | ( 14.028) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 323.176 | 285.498 |
| Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig: | | |
| Útlánaáhætta | 223.726 | 189.940 |
| Markaðsáhætta | 15.968 | 2.250 |
| Rekstraráhætta | 16.791 | 19.306 |
| Eiginfjárkrafa | 256.485 | 211.496 |
| Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu | 66.691 | 74.002 |
| Eiginfjárhlutfall | 10,1% | 10,8% |

**17. Skuldbindingar utan efnahags**

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 147.824 | 139.571 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 235.102 | 137.991 |

Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

**18. Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar sparisjóðsins eru stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Lán til stjórnarmanna og félaga tengdum þeim | 24.074 | 22.334 |

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

**19. Önnur mál**

Í júní 2010 dæmdi Hæstiréttur gengistryggingu lánasamninga sem gerðir eru í íslenskum krónum ólögmæta. Þann 16. september 2010 kvað Hæstiréttur upp dóm vegna vaxta á gengistryggðum bílalánum. Í kjölfarið hefur Alþingi samþykkt lög sem ætlað er að tryggja að niðurstaða Hæstaréttar í framangreindum dómi nái til allra lána vegna bíla- og húsnæðiskaupa sem tengd eru gengi erlendra gjaldmiðla. Jafnframt hefur náðst samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja en aðilar að því eru Samtök fjármálafyrirtækja, Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Fjármálaráðuneytið, Viðskiptaráð Íslands og Félag atvinnurekenda. Sparisjóðurinn hefur metið áhrif þess á fjárhagsstöðu sjóðsins og lagt í sérgreindan afskriftareiking útlána og nemur sérgreindi afskriftareikningurinn um 3,2% af heildarútlánum sjóðsins. Í febrúar á þessu ári hafa fallið tveir dómar í Hæstarétti þar sem tiltekin gengistryggð lán til fyrirtækja voru dæmd ólögleg. Vegna dómanna ríkir því eftir sem áður óvissa um lögmæti útlána sem tengd eru erlendum myntum og þar með óvissa um áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.